

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb.
19. jan. 2012
10.5.6
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. janúar 2012
Tilvisun: UST20111200186/bs

Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla, Ísafirði-frummattskýrsla. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frummattskýrsluna.

Framkvæmdalýsing

Hér er um að ræða ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla af tvennum toga. Annars vegar 14 og 7 metra háir þvergarðar (garður A, 4a og 4b) til að verjast snjóflóðum og hins vegar 5 metra háan aurvarnargarð (garður 3).

Heildarefnismagn er áætlað tæplega 170.000 m³. Að hámarki verða fluttir 50.00 m³ af efni inn og út af framkvæmdarsvæðinu. Opin náma í Dagverðardal verður notuð fyrir efnistöku en einnig til að taka við umframefni.

Náttúrufar

Í frummattskýrslu kemur fram að þær fuglategundir sem verpa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru algengar um land allt. talið er að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf.

"Bygging ofanflóðavarnargarða felur í sér að allur yfirborðsgróður hverfur. Ekki er talið að neinar þær tegundir eða gróðurhverfi sem skylt er að friða eða sem teljast til sjaldgæfra tegunda finnist á svæðinu."

Jarðmyndanir

Í frummattskýrslu kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd.

Vatnafar

Um áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn segir m.a. í frummattskýrslu: "Hlíðin er almennt þurr og mun framkvæmdin því hafa lítil sem engin áhrif á grunnvatn á svæðinu."

Landslag/sjónræn áhrif

Í frummattskýrslu kemur fram að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar munu verða á landslag. Um þetta atriði segir m.a.: "Garður 4a gæti orðið áberandi frá ákveðnu sjónarhorni og sum kennileiti hlíðarinnar munu ekki sjást frá ákveðnu sjónarhorni."

Mótvægisaðgerðir

Í frummattskýrslu er lögð fram ítarleg tillaga að mótvægisaðgerðum sem unnt er að ráðast í til að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Meðal markmiða eru að:

- varnargarðar falli eins vel að landslagi og frekast er unnt
- yfirborðsfrágangur verði í samræmi við aðliggjandi svæði
- dregið verði úr sýnileika varnargarða


Umhverfisstofnun telur að fara eigi að ofangreindum tillögum til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Stofnunin telur tillögur að mótvægisadgerðum góðar og ítarlegar. Hvort hér sé um eiginlegar mótvægisadgerðir að ræða eða eðlilegt verklag við frágang framkvæmda af því tagi sem hér um ræðir hefði mátt koma skýrar fram í frummatsskýrslu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að neikvæð áhrif ofanflóðavarna verði fyrst og fremst á landslag og sjónræn áhrif.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að draga megi frekar úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar ef staðið verður að frágangi á þann hátt sem lýst er í frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir


Björn Stefánsson